

Frásögn Jóns Ólafssonar úr Grunnavík um Hóladómkirkju

BÍ. Varia IV, 24. Um Hóladómkirkju, með hendi Grunnavíkur Jóns 1763–1764.

Undirréttung lítill um fata¹ dómkirkjunnar á Hólum

Í þessu erindi á afsökun mín réttan og löglegan stað sem svo er látandi eftir bréfs orðanna hljóðan: „að gefa sannferðiga og á rökum byggða undirréttungu um fata Hóladómkirkju frá fyrstu byrjan af og inn til þess hún var nú seinast niðurbrotin“ (til nýrrar – scilicet² endurbyggingar).³ Orsökina er að mér eru engin áhöld til þess í hendi, hafa ei heldur verið nokkur að gagni, munu og trautt nokkur staðar vera að fá nú á tímum sem líkast er. Þeirra mundi þó helst vera að leita í gömlum dómkirkjunnar skjölum og þeim fyrri biskupa bréfabókum, einkum Guðbrands biskups,⁴ ef hún væri við líði. Í annálum eður biskupa skrifu Bjarnar á Skarðsá, man ég nú eigi hvert nokkuð er um það getið. Má vera það sé nokkuð í þeirri svokallaðri Hungurvöku. En það þykist ég fyrir víst muna að í sögunni af Laurentio biskupi⁵ (sem þar sat milli annum 1324 til 1331 eftir því prentaða biskupa registri, sem er að finna bak við þá Íslendingabók sem almennt kallast Schedæ Ara fróða), segi að steinninn sá rauði til múrsins á bak við kórinn og múrhúsin hafi tekin verið yfir í Kálfstaðafjalli, þó það megi sérlegt þykja, því hann er miklu nær sem er í Hólabyrgðu, strax fyrir ofan biskupsgarðinn sem flestum er nóglega kunnigt. Ei er ólíklegt að kirkja þessi⁶ hafi verið minni í fyrstunni en hafi síðan stækkuð verið. Um nefndan múr og múrhúsin hélt sálugi assessor Árni að þeir gömlu hefðu byggt þau að sönnu til skjóls og styrktar kirkjunni, fyrir þeim stórkostlegu stormvindum sem steypast ofan af fjallinu. Líka til að geyma í þeim skrudann. En þó hefði sá helsti tilgangurinn verið að byggja alla kirkjuna af múrsteini; taka fyrst til á kórnum, en fella síðan af eftir hendinni fram eftir þangað til að hún hefði fullbyggð orðið, og er það eigi ólíklegt. Það verður ei heldur glöggvitað hversu oft hún hafi tekin verið í þeirra kaþólsku biskupa tíð sem varaði hér um 545 ár. Geta má þess til að það skeð hafi kannski þrisvar. Og í það minnsta muni hún í sama standi staðið hafa frá tíð Ólafs biskups Rögnvaldssonar,⁷ og til Guðbrands biskups sem menn vita, að hana lét uppbyggja, eður þó réttara að kalla eftir almenningssögn, Halldóra dóttir hans.⁸ Það hafði borið við að kirkjan hafði fallið niður eður brotnað af ofviðri. Það hefði hann heyrt, og spurt hvað brast? Hann var því leyndur og honum svarað að stórt tré hefði dottið. Mennt voru annars uggandi að honum hefði fallið það ofurþungt og eins þá farið var að reisa hana við aftur og byggja, þá hann heyrði hamarshögginn, skyldi hann hafa spurt: hvaða bank? En honum var sagt eitthvað til þess annað en var. Þetta skyldi hafa skeð á hans seinustu þremur árum, þá

¹ Örlög.

² Það er að segja.

³ Nýja kirkjan var vígð 1763.

⁴ Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum 1571–1627.

⁵ Lárentíus Kálfsson biskup á Hólum 1324–1331.

⁶ Hér væntanlega átt við kirkjuna úr tíð Jörundar Þorsteinssonar biskups (1267–1313) en hann endurbyggði kirkjuna á staðnum skömmu eftir 1280. Auðunn rauði biskup (1313–1322) hóf smíði steinkirkju en lauk ekki.

⁷ Ólafur Rögnvaldsson biskup á Hólum 1458–1495.

⁸ Smíði kirkju Halldóru Guðbrandsdóttur var lokið 1627.

honum hafði viljað til sú málteppa, að hann gat ei talað nema fá orð í einu. Mælt er og að prinsinn sem þá var í Danmörk (sem verið mun hafa Fridericus tertius)⁹ hafi þótt svo mikið koma til þessarar framkvæmdar hennar að hann hafi send henni einhvern merkilegan kostgrip.¹⁰ Mér er sömuleiðis ókunnigt hvert hún hafi þá verið stækkuð eður minnkuð eður haldið sinni sömu stærð. En hafi stöpulinn verið minnkaður þá er og líklegt að hún hafi öll eftir proportion verið minnkuð. Fundið hefi ég að sönnu í bréfabók einhverri gamalli eður þó heldur í einhverjum adversariis¹¹ þetta eftir fylgjandi um stærð nefndrar kirkju, sem líkast er verið hafi áður en nefndur kvenskörungur Halldóra lét taka hana.¹² Þessi annotatio¹³ hljóðar þanninn:

Stærð Hólakirkju:

Framkirkjan er á lengd .. 50 álna

en á breidd 19 álna

Stúkurnar 35 álna

Kórinn að lengd 17 álna

Kirkjan á hæð 23 álnir og tveir þumlungar betur.¹⁴

Þykir mér líklegt að þetta hafi verið stærð kirkjunnar áður en hún var uppbyggð á seinustu æviárum Guðbrands biskups, en hafi síðan verið minnkuð og sú stærð sem hún hefur þá öðlast hafi síðan viðhaldist inn til þessa, að hún í vorri tíð er af hans háæruverðugheitum herra biskupinum Gísla¹⁵ miklu herlegar uppbyggð. Fyrir hvert stórvirki honum ber og að veitast makleg sæmd fram yfir næstu formenn sína.

En um margt jarðagóss til hennar er margt í hennar fyrri biskupa gjörningum og dómabréfum. Einkum skaraði Ólafur biskup Rögnvaldsson saman mestu góssi hennar, sem sjá má af gömlum bréfum og documentis, sem meðal annars, þá prestar stiftisins samþykktu gjöf Gottskálks biskups¹⁶ til Kristínar dóttur sinnar,¹⁷ því góssið kirkjunnar hefði vaxið um tíu hundruð hundruða á tíu árum;¹⁸ og jafnaðarlega dæmdu prestarnir á Flugumýrar samkomu xxx hndr. í rétt heilagri Hólakirkju. En nefndur biskup sat milli áranna 1458 og 97,¹⁹ sem nefnt biskupa nafnaregistur vottar.

Mig minnir og til þess að geti um altari einhvörs sankti, máski Ólafs konungs helga, norðan fram í kirkjunni sem viss prestur þjónaði. Máski og fleiri þess háttar ölturu hafi þar sett

⁹ Friðrik IV. konungur Danmerkur og Noregs 1699–1730.

¹⁰ Á spássíu: quib(us)dam djásn [fyrir sumum djásn].

¹¹ Minnisbók.

¹² Þetta er þá væntanlega kirkja Péturs Nikulássonar (biskup 1391–1411) byggð eftir 1394.

¹³ Minnisgrein.

¹⁴ Málin passa við kirkju Péturs Nikulássonar, sjá *Kirkjur Íslands* 6, bls. 164; *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 358 (Úr máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar).

¹⁵ Gísli Magnússon biskup á Hólum 1755–1779.

¹⁶ Gottskálf Nikulásson (grimmi) biskup á Hólum 1496–1520.

¹⁷ *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 304–306 (Samþykkt presta um gjöf Gottskálks biskups Nikulássonar 29.4.1510 á Viðivöllum og 26.5.1511 á Hólum). Dótturina Kristínu átti Gottskálf með Valgerði Jónsdóttur. Kristín var fyrst gift Þorvarði Erlendssyni lögmanni á Strönd í Selvogi og síðar Jóni Einarssyni sýslumanni á Geitaskarði.

¹⁸ Í samþykktinni segir níu hundruð hundruða í jarðagóssi og önnur níu hundruð hundruða í lausagóssi frá því að hann kom til stólsins sem voru þá 14 ár árið 1510. Þar að auki hafði Kristín dóttir hans áður fengið þrjú hundruð hundruða í jarðagóssi sem samþykkt var af prestastefnunni.

¹⁹ Þ.e. Ólafur Rögnvaldsson biskup 1458–1495.

verið, eins og títt var um slík helgra manna ölturu í dómkirkjunum, sem nóglega má finna í bréfum dómkirknanna hér í Danmörk, nefnilega Roskildar, og í Noregi Þrándheimskirkju, er bar af öllum dómkirkjum þessara norðurlanda í páfadómstíðinni, þar til hún brann upp af lofteldi stuttu fyrir reformationina.²⁰

²⁰ Siðaskiptin.